

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Embla Ísaksen og er fulltrúi nemendafélags Brekkubæjarskóla.

Ég var á ungmennáþingi Vesturlands sem haldið var á Laugum í Sælingsdal fyrstu helgina í nóvember. og einnig málþingi sem haldið var í Arnadal nokkrum dögum seinna.. Þar komu upp margir punktar og mörg umræðuefni, bæði um það sem bærinn okkar er að gera vel og það sem mætti bæta.

Ég valdi mér nokkra punkta sem mér fannst áhugaverðastir og langar að koma á framfæri. Sjálf flutti ég hingað uppá Skaga fyrir tveimur árum og féll fyrir bænum fljótt. Ég vil hrósa Brekkubæjarskóla vel fyrir kennsluáðferðir, námsáætlanir og mikla athygli kennara til nemenda sem ég fann ekki eins vel til í gamla skólanum mínum í bænum.

Ég ætla að fjalla um 2 námsgreinar eða efni sem mér finnst þurfa taka á. Fyrst er það kynfræðslan sem ég hef reyndar fengið mikið af vegna umsjónarkennara míns sem er ekki feimin að tala um þá hluti en ekki eru allir á unglingsstigi sem búa við þau þægindi og langar mig að það verði bætt. Kynfræðslan þarf ekki bara að snúast um kynlíf heldur líka um sjálfsmynd, kynþroskan og sjálfstraust og svo framvegis. Ég byrjaði að verða óörugg um líkamann minn í 7 bekk og margir eflaust fyrr, þess vegna finnst mér þurfa kynna betur fyrir krökkum í 7 bekk og jafnvel yngri ekki um kynlíf heldur um hvernig maður byggir upp sjálfsöryggið og sé sáttur með það sem maður hefur. Ekki allir eru eins og ég veit það núna en mér finnst alltof seint að ég viti það bara núna, Öllum ætti að liða vel í sínu engin skinni. Þetta má heldur ekki vera tilviljanakennt hvernig þessi fræðsla og ekki bara fara eftir því hvort kennarinn treysti sér í umræðuna eða ekki.

Næst langar mig að fjalla um fjármálalæsi, ég er byrjuð í vinnu eins og margir af mínum bekkjarfélögum en hef ekki grænan grun um hvernig ég á að lesa út úr launaseðli, hvað persónuafsláttur og lífeyrissjóður þýðir eða hvað skattkort sé. Okkur er sagt að við lærum um þetta eftir áramót, þegar við erum komin á 16 ár en hvað með okkur sem erum komin í vinnu og viljum vita hvað öll þessi orð virkilega þýða? Mér finnst mega byrja fjalla um þetta mikið fyrr að minsta kosti í byrjun 10 bekkjar og jafnvel niður í 9 bekk. Næst langar mig að hrósa bænum vel fyrir lagfæringar á götum bæjarins og að frítt sé í strætó þó hef ég nokkrar athugasemdir sem varða strætóinn. Bæta ætti ferðum lengra fram á daginn því margir eru ekki búnir á æfingu eða í vinnu fyrr en eftir klukkan 6 og þegar veðrið verður vont eða leiðin löng er gott að getað hoppað inn í strætó. Einnig finst mér mega vera ferðir líka um helgar því þrátt fyrir frí úr skóla hætta æfingar, störf og ferðir milli húsa ekki. Stendur eitthvað til að breyta eða fjölga ferðum hjá strætó?

Að lokum langar mig að þakka ykkur fyrir að hlusta á raddir okkar unga fólksins.